

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 10/1982. **Magnús Magnússon og**

Hagtrygging h/f

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Jóni Emilssyni

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. september sama ár. Í þinghaldi 8. janúar 1982 var málið fellt niður, en höfðað að nýju með stefnu 14. sama mánaðar samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Aðaláfrýjendur krefjast þess, að kröfur gagnáfrýjanda „vegna umferðarslyss þess, sem málið er risið af, verði stórlega lækkaðar“, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 18. janúar 1982. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér 103.890.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að kveðið verði á um það í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1980 og síðan árleg á sama degi, „til að uppfyllt verði skilyrði 1. gr. laga nr. 56/1979 um dómvexti“.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda, gerður af Þóri Bergssyni tryggingafræðingi 13. júní 1983.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði aðaláfrýjandinn Magnús Magnússon, er hann ók frá Kirkjuvegi og vestur Vesturgötu

í Keflavík, veitt eftirtekt gagnáfrýjanda og þeim, sem með honum voru. Hann kveðst hafa séð, „að fólkið var ölvað“. Miðað við það og aðstæður til aksturs að öðru leyti bar honum að gæta sérstakrar varúðar, er hann ók litlu síðar austur Vesturgötu í átt að fólkinu, en vætti samferðafólks gagnáfrýjanda benda til, að þess hafi hann ekki gætt. Eigi verður með vissu ráðið af gögnum málsins, hvar gagnáfrýjandi var á götunni, er hann varð fyrir bifreiðinni, og ekki hefur verið leitt í ljós, að orsakasamband hafi verið milli ölvunar hans og slyssins. Þykir því ósannað, að gagnáfrýjandi eigi sjálfur sök á tjóni sínu. Samkvæmt þessu ber að leggja bótaábyrgðina óskipt á aðaláfrýjendur, sbr. 1. mgr. 67. gr., 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968. Eigi eru efni til að lækka fébætur samkvæmt 3. mgr. 67. gr. sömu laga.

II.

Í hérðasdómi eru rakin þau gögn, sem fram hafa verið lögð í málinu um örorku gagnáfrýjanda, ásamt áætlunum tryggingafræðings um tjón hans hennar vegna. Örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis hefur eigi verið hnekktt, og ber því að miða við það.

Hinir nýju útreikningar Þóris Bergssonar tryggingafræðings á tjóni gagnáfrýjanda af völdum tímabundinnar og varanlegrar örorku eru mjög ítarlegir. Gerir tryggingafræðingurinn þar grein fyrir tveimur mismunandi aðferðum við áætlun vinnutekna og vinnuteknataps gagnáfrýjanda. Í áætlun A, sem hann nefnir svo, kveður hann tekjurnar áætlaðar á venjubundinn hátt, þ. e. mældar í fjárhæðum miðað við kauplag, eins og það hafi verið á hverju kauplagstímabili frá slysdegi. Notaðar séu „skattframtalstekjur áranna 1977 og 1978“ og örorkustig samkvæmt örorkumati læknis. Í aðferð, sem hann nefnir B, kveðst hann fara nýja leið við áætlun vinnutekna fyrir liðinn tíma og reyna með því að leiðrétta þá skekkju, sem stöðug rýrnun íslensku krónunnar valdi. Um þetta segir hann:

„Í stað þess að áætla vinnutekjur á kauplagi hvers tímabils eru hér notaðar allt frá slysdegi þær vinnutekjur sem nú áætlast. Með þeirri aðferð gerist ekki annað en að gerð er leiðrétting vegna verðrýrnunar íslensks gjaldmiðils á liðnum árum, sem þó er ekki full-

komlega nægjanlegt, þótt litlu skakki. Fyrir þessu eru mjög sterk rök. Á sama hátt þarf að leiðrétta greiðslur, sem til frádráttar koma.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður:

	<i>Áætlaðar</i>		<i>Áætlað</i>	
	<i>vinnutekjur:</i>		<i>vinnutekjutap</i>	<i>Varanlegt:</i>
1. árið eftir slysið	kr. 180.804	kr. 67.051	kr. 18.080	
Síðan árlega	kr. 180.804		kr. 18.080“	

Í niðurstöðum þessara útreikninga Þóris Bergssonar segir svo um verðmætistap tapaðra vinnutekna:

„Ég mun nú nota fjórar mismunandi vaxtaforsendur um ávöxtum fjár eftir 15. júní 1983. Við útreikninga taps samkvæmt aðferð A verða yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 notaðir almennir vextir af spariinnlánnum, eins og þeir hafa verið ákveðnir með verðbótaþætti. Tap samkvæmt aðferð B reiknast hins vegar stöðugt með sömu vöxtum allt aftur til slysdags. Yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 verður þó vöxtunum beitt bæði sem einföldum og samsettum.

Allar fjárhæðir eru í heilum krónum.

Aðferð A.

Við útreikninga á slysdagsverðmæti taps nota ég yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 almenna vexti af spariinnlánnum (þessu er lýst í fylgiskjali), og verður þeim beitt bæði sem samsettum vöxtum og einföldum. Eftir 15. júní 1983 eru notaðir 5%, 7%, 9% og 13% ársvextir.

Vaxtaforsenda 3 (Kallast AV 3).

Notaðir eru vextir og vaxtavextir yfir tímabilið milli slysdags og 15.-16. 1983.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast nema:

<i>Ársvextir eftir 15.-6. 1983</i>	<i>5%</i>	<i>7%</i>	<i>9%</i>	<i>13%</i>
v/tímab. örorku	10.637	10.637	10.637	10.637
v/varanl. örorku til 15.-6.'83	17.334	17.334	17.334	17.334
v/varanl. örorku eftir það	81.089	62.612	53.271	39.212
	109.060	90.583	81.242	67.183

*Vaxtaforsenda 4 (Kallast AV 4).**Yfir umrætt tímabil eru notaðir einfaldir vextir.*

Slysadagsverðmætið reiknast:

<i>Ársvextir eftir 15.6.1983</i>	<i>5%</i>	<i>7%</i>	<i>9%</i>	<i>13%</i>
V/tímab. örorku	10.637	10.637	10.637	10.637
V/varanl. örorku til 15.6.1983	20.284	20.284	20.284	20.284
V/varanl. örorku eftir það	117.913	91.045	77.462	57.019
Samtals	148.834	121.966	108.383	87.940

Aðferð B.

Hér eru notaðir sömu vextir allt aftur til slys dags, enda hefur verðbótapáttur verið gerður óþarfur. Yfir tímabilið milli slys dags og 15. júní 1983 verða bæði notaðir samsettir og einfaldir vextir.

*Vaxtaforsenda 1 (Kallast BV 1).**Yfir liðinn tíma eru notaðir vextir og vaxtavextir.*

Slysadagsverðmætið reiknast nema:

<i>Ársvextir allan tímann</i>	<i>5%</i>	<i>7%</i>	<i>9%</i>	<i>13%</i>
V/tímab. örorku	66.180	65.969	65.668	65.076
V/varanl. örorku til 15.6.1983	72.920	69.999	67.276	62.360
V/varanl. örorku eftir það	232.608	164.960	129.099	80.935
Samtals	371.708	300.928	262.043	208.371

*Vaxtaforsenda 2 (Kallast BV 2).**Yfir umrætt tímabil eru notaðir einfaldir vextir.*

Slysadagsverðmætið reiknast:

<i>Ársvextir allan tímann</i>	<i>5%</i>	<i>7%</i>	<i>9%</i>	<i>13%</i>
V/tímab. örorku	66.180	65.969	65.668	65.076
V/varanl. örorku til 15.6.1983	73.266	70.613	68.191	63.921
V/varanl. örorku eftir það	236.562	170.082	135.853	88.437
Samtals	376.008	306.664	269.712	217.434

Þegar höfð er hliðsjón af þessum útreikningum Þóris Bergssonar, meiðslum gagnáfrýjanda og öðru, sem virða ber, þar á meðal aldri hans og hjúskaparstétt, þykir eftir atvikum rétt að taka kröfu hans til greina bæði að því er varðar fjártjón og miska.

Ber aðaláfrýjendum þannig að greiða gagnáfrýjanda in solidum 103.890.00 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Sú skýring gagnáfrýjanda á vaxtakröfunni, er fyrst kom fram við munnlegan málflutning hér fyrir dómnum og að framan getur, felur í sér kröfu um greiðslu á vaxtavöxtum. Af gögnum málsins verður ekki séð, að svo vaxin efnislega hafi hún verið lögð fyrir héraðsdóm. Í dómsorði er ekki annað greint en dæmdir hafi verið einfaldir vextir í samræmi við kröfugerðina í héraði, en vegna dómvenju var nauðsynlegt að greina það skýrum orðum, ef dómsorð átti að mæla fyrir um greiðslu vaxtavaxta. Kemur krafa þessi því ekki til álita hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda in solidum 42.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Emilssyni, in solidum 103.890.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og 42.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda í máli þessu um óskipta bótaábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 67.

gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. sömu laga svo og því, að ekki sé tilefni til niðurfærslu bóta samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Ég tel einnig, að aðaláfrýjendur hafi ekki hnekkst örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis og beri því að leggja það til grundvallar í málinu um tjón gagnáfrýjanda.

Ég er ósammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku gagnáfrýjanda, en með henni eru bætur ákveðnar samkvæmt áætlun dómenda, án þess að byggt sé á sérfræðilegum útreikningum og án þess að skorið sé úr því grundvallaratriði við útreikning eingreiðslu skaðabóta vegna tekjutaps, við hvaða vaxtafót skuli miða.

Ég tel útreikning dr. Péturs H. Blöndal tryggingastærðfræðings á örorkutjóni gagnáfrýjanda byggðan á traustum grunni og af fullri varúð að því er tekjur varðar. Ég tel, að við útreikning eingreiðslu í stað skaðabótageiðslna fram í tímann beri að miða vaxtafót við raunverulega möguleika almennings til ávöxtunar peninga í opinberum innlánastofnunum eða á öðrum opinberum innlána- eða verðbréfamarkaði, eins og þeir eru, er útreikningur er gerður, eða hafa verið þá á undan. Möguleikar almennings til ávöxtunar peninga með slíkum hætti hafa um langan tíma ekki farið fram úr 5 af hundraði raunverulegs arðs á ári, en næst þeirri arðsemi eru spariskírteini ríkissjóðs talin vera, en þau hafa raunar borið lægri vexti um allmörg undanfarin ár. Ég tel því, að ekki megi lækka bætur til tjónþola við útreikning eingreiðslu meira en sem samsvari 5 af hundrað ársvöxtum, sem ég tel hámark ávöxtunarmöguleika fyrir almenning nú og að undanfögnu.

Kauplagsbreytingar eru ein af forsendum fyrir niðurstöðu meiri hluta dómenda. Í því tel ég felast verðtryggingu kröfu um ákveðið tímabil. Jafnframt eru dæmdir fullir vextir með verðbótapætti inniföldum fyrir sama tímabil. Þar tel ég um tvöfaldar verðbætur að ræða, a. m. k. að hluta.

Svo sem í héraðsdómi greinir, miðast útreikningar dr. Péturs H. Blöndal að því er vexti, launakjör og teknatjón gagnáfrýjanda varðar við 21. nóvember 1979, en kröfur gagnáfrýjanda um vaxtagreiðslur sér til handa af umkrafðri fjárhæð eru miðaðar við 1. desember 1979 sem upphafsdag. Miðað við vaxtakröfu gagnáfrýjanda, en þar

er verðbótaþáttur innifalinn, tel ég, að ekki megi leggja til grundvallar dómi nýrri útreikninga um teknatjón, ef þeir eru miðaðir við verðlag á síðara tímabili en 1. desember 1979. Ég tel því, að leggja beri útreikninga þá, sem lágu frammi í málinu í héraði, til grundvallar dómi í málinu.

Útreikningur og álitserð Þóris Bergssonar, cand. act., sem lögð voru fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti, stykrja grundvöll útreikninga dr. Péturs H. Blöndal og álit hans, sem miðað var við í héraðsdómi. Ég tel samkvæmt því, sem að framan greinir, að miða eigi við útreikning dr. Péturs H. Blöndal á varanlegu örorkutjóni gagnáfrýjanda, gkr. 6.351.000, svo sem héraðsdómur gerir. Jafnframt tel ég, að leggja beri til grundvallar dómi í málinu útreikning tryggingastærðfræðingsins á tímabundinni örorku, gkr. 1.502.000, eða samtals gkr. 7.853.000. Í héraðsdómi eru bætur fyrir örorkutjón til handa gagnáfrýjanda lækkaðar úr þessari fjárhæð (7.853.000) í gkr. 6.000.000, eða 60.000.00 krónur, vegna skattfrelsis, hagræðis eingreiðslu og „annars þess, sem hér skiptir máli.“ Ég tel bótakrefjendum ekki hagræði af eingreiðslu á verðbólgu tímum, og skattfrelsi slíkra greiðslna tel ég svo óverulegan ávinning af greiðslum, sem miðast við hluta (55/100) af verkamannalaunum, að frádráttur þess vegna megi ekki nema meiru en 5—10%.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til rökstuðnings héraðsdómara tel ég, að hæfilegar bætur til gagnáfrýjanda fyrir örorkutjón hans séu gkr. 7.400.000, eða 74.000.00 krónur.

Miðað við meiðsli gagnáfrýjanda og sjúkrasögu tel ég bætur til hans samkvæmt 3. tölulið héraðsdómsstefnu (miskabætur) hæfilega metnar á 15.000.00 krónur, svo sem krafist var.

Samkvæmt því verða aðaláfrýjendur dæmdir til þess óskipt að greiða gagnáfrýjanda samtals skaðabætur að fjárhæð 89.000.00 krónur.

Í héraðsdómsstefnu krafðist gagnáfrýjandi dómvaxta af bótakröfum sínum. Fyrir Hæstarétti er krafa þessi nánar útlistuð þannig, að þess er krafist, að kveðið verði á um það í dómi (forsendum eða dómsorði), að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1980 og síðan árlega á sama degi, til að uppfyllt verði skilyrði 1. gr. laga nr. 56/1979 um dóm-

vexti, en þar segir, að vextir skuli vera „jafnháir hæstu innláns-vöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu verðgildis fjármagns.“

Vaxaákvarðanir Seðlabanka Íslands eru m. a. byggðar á vaxta-reikningi og lagningu vaxta við höfuðstól með ákveðnum millibil-um, svo sem greinilega kom fram í vaxtaákvörðun Seðlabanka Ís-lands 26. febrúar 1981, er nafnvextir voru lækkaðir í tengslum við tíðari vaxtaútreikning og lagningu vaxta við höfuðstól, en jafnframt gerði Seðlabankinn grein fyrir raunávöxtun fjár á ársgrundvelli mið-að við þennan útreikningsmáta. Miðað við framangreindar forsend-ur er krafa gagnáfrýjanda við hóf og í fullu samræmi við 1. gr. laga um dómvexti nr. 56/1979.

Skýra verður stefnukröfu um dómvexti svo, að í henni felist krafa um útreikning vaxtanna í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabank-ans. Útlistun gagnáfrýjanda á því, hvað í kröfu hans felist, á því fullan rétt á sér. Ber að taka vaxtakröfu hans til greina þannig, að vextir reiknist frá 1. desember 1979 til greiðsludags, svo sem greinir í dómsorði, en leggist við höfuðstól einu sinni á árinu við hver ára-mót.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur ó-skipt til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 42.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Jóni Maríusi Emilssyni, 89.000.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% árs-vöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxt-um, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og 42.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Vextir skulu lagðir við höfuðstól, svo sem að framan greinir.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 24. apríl 1981.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 14. og 16. maí 1980.

Stefnandi er Jón Emilsson verkamaður, Vallargötu 24, Keflavík, Stefndu eru Magnús Magnússon verkamaður, Kirkjuvegi 29, Keflavík, og Hagtrygging h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verið in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 103.890.00 með 34.5% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, útlagðs kostnaðar í málinu, kr. 1.586.00, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður felldur niður.

Sátta hefur verið leitað fyrir dómi, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 17. desember 1978, kl. 0250, var lögreglunni í Keflavík tilkynnt um umferðarslys á Vesturgötu í Keflavík. Í skýrslu lögreglumannsins Guðmundar Inga Kristinssonar segir svo:

„Undirritaður fór á staðinn ásamt H.G. a.varðstjóra. Einnig komu á staðinn lögregluþj. nr. 16, sem gerir meðfylgjandi vettvangsuppdrátt, og lögregluþj. nr. 6, 11 og 12. Ó.Þ. rannsóknarlögreglum. kom á vettvang og tók ljósmyndir, sem fylgja skýrslu þessari.

Þarna hafði bifreiðinni Ö-5069 verið ekið á gangandi mann og einnig aftan á kyrrstæða bifreiðina Ö-4671, sem stóð við h/vegarbrún á móts við hús nr. 19 við Vesturgötu.

Þar sem ökumaður og gangandi vegfarandi höfðu slasast, voru þeir fluttir á sjúkrahúsið í Keflavík til rannsóknar. Ökumaður fékk að fara heim, er búið var að gera að sárum hans, en að lokinni skoðun lækna var Jón fluttur til Reykjavíkur á Slysadeild Borgarspítala. Hann mun hafa verið nefsbrotinn, kinnbeinsbrotinn, skorinn í andliti og meiddur á fæti. Þar var tekið blóðsýni úr honum kl. 05:30 af Jens Kristjánssyni lækni og það merkt Keflavík nr. 124-1978 og fær venjulega afgreiðslu.

Ökumaður Ö-5069 kvaðst hafa ekið af Greniteig og inn á Vesturgötu til austurs. Á móts við vegamót Vesturgötu, Birkiteigs hafi maður skyndilega hlaupið í veg fyrir bifreiðina. Hann kvaðst hafa sveigt bifreiðinni til hægri framhjá honum, en þá hafi annar maður birst fyrir framan hana

og hann lent á honum. Við það kvaðst hann hafa sveigt til hægri, en lenti þá á bifreið, sem þar stóð.

Farþeginn í bifreiðinni Ö-5069, Pétur Jónsson, Greniteig 20, Keflavík, kvað þá hafa ekið af Greniteig inn á Vesturgötu. Þá hafi nokkrir strákar hlaupið í veg fyrir bifreiðina. Hann kvað ökuman hafa reynt að beygja frá, en lent á einum þeirra og síðan á bifreið, sem þarna stóð.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum eru:

Ö-5069 v/framaurhlíf, vélarhúslok, höggvari dældað og framrúða og aðalljós brotið.

Ö-4671 skottlok, höggvari og hægri og vinstri afturhlíf dældað og stefnuljós brotið.

Vitni að atburði þessum voru:

Ríkharður Jósafatsson, Vesturbraut 7, Keflavík, f. 23.07.59,

Ólöf Sigurvinsdóttir, Vesturbraut 11, Keflavík, f. 12.10.58,

Edda Bergmann, Kirkjuvegi 27, Keflavík, f. 10.09.57.

Þau höfðu verið með Jóni, er atburður þessi skeði.

Á steinvegg milli innkeyrslna að húsum nr. 17 og 19 stóðu tvær áfengisflöskur, sem innhéldu einhverskonar mjöð. Þær voru teknar í vörslu lögreglunnar.

Lögreglumaður nr. 16 ók bifreiðinni Ö-5069 á lögreglustöð, og ekki þótti ástæða til skoðunar hennar hjá bifreiðaeftirliti. Blóðtökuvottorð fylgir skýrslu þessari“.

Við alkóhólrannsókn Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls vera 1.30‰ í blóðsýni því, sem stefnanda var tekið.

Í skýrslu lögreglunnar kemur fram, að bifreiðin Ö 5069 var Volkswagen fólksbifreið, en bifreið Ö 4671 Saab fólksbifreið. Þá er frá því greint, að í umrætt sinn hafi verið myrkur og skýjað, en góð lýsing og yfirborð vegarins oliuborið og fast, en bleyta á veginum. Almennur umferðarréttur er á Vesturgötu.

Vettvangsuppráttur lögreglu sýnir eftirfarandi: Vesturgata, sem liggur frá austri til vesturs, er með 9 metra breiða akbraut, en beggja vegna eru um 3 metra breiðir malbornir vegkantar. Þvert á götuna til norðurs er Birkiteigur. Um 10 metra austan gatnamótanna eru glerbrot úr flösku á syðri helmingi Vesturgötu, um 1 metra frá vegabrún. Bifreiðin Ö 5069 er þar skammt frá við innkeyrslu að húsi nr. 17. Hún stendur á malarkantinum svo til alfarið, snýr til austurs, og er framendi hennar 6 metra frá nefndum glerbrotum. Við framendann eru „glerbrot og ryk úr bifreið“ og 3½ metri er að afturenda bifreiðarinnar Ö 4671, sem einig snýr til austurs og stendur svo til að öllu leyti á malarkantinum. Aftan við bifreiðina Ö 5069 er 7 metra langt hemlavar á malarkantinum og liggur í sveig frá akbraut á stað, þar sem eru tæpkega 6 metrar að mótum Vesturgötu og Birkiteigs.

Um 3 metra framan við bifreiðina Ö 5069 er blóðblettur á akbrautinni, um 1 metra frá syðri brún hennar. Fjarlægðin milli blóðbletsins og flöskuglerbrotanna er 9 metrar.

Ljósmyndir fylgdu ekki lögregluskýrslu, sem var lögð fram í málinu, en lagðar hafa verið fram ljósmyndir, sem John Hill lögreglufulltrúi tók á vettvangi hinn 24. október 1980 að viðstöddum dómara málsins og lögmönnum aðilja.

Hjá lögreglunni í Keflavík gáfu skýrslur stefnandi, stefndi Magnús og vitnin Halldór Rúnar Þorkelsson, fæddur 12. febrúar 1954, Ólöf Sigurvinsdóttir, fædd 12. október 1958, Pétur Jónsson, fæddur 4. maí 1961, Jón Ásgeir Þorkelsson, fæddur 16. janúar 1956, og Ríkharður Jósafatsson, fæddur 23. júlí 1959. Þau gáfu einnig öll skýrslu hér fyrir dómi og að auki vitnið Steinunn Hilmarsdóttir, fædd 19. mars 1951. Verður nú greint frá framburðum þeirra:

Stefnandi skýrði svo frá, að í umrætt sinn hefði hann gengið vestur Vesturgötu ásamt Halldóri og Jóni Þorkelssonum, Eddu Bergmann, Ólöfu Sigurvinsdóttur og Ríkharði Jósafatssyni. Þau hafi verið að koma heiman frá Halldóri, sem á heima við Vesturbraut, þar sem þau hafi verið við gleðskap og hafi hann (stefnandi) verið þó nokkuð undir áhrifum áfengis. Ferðinni hafi verið heitið til systur Halldórs Þorkelssonar, en hún hafi átt heima við Greniteig. Hann kvað þau hafa gengið á hægri vegarbrún og sjálfur hafi hann örugglega verið annað hvort á jaðri akbrautarinnar eða á malarangabrautinni, þegar hann varð fyrir slysinu. Hann kvaðst þá hafa verið á mótis við hornhús við Vesturgötu og Greniteig og muna eftir því, að tréverk hafi verið við lóð hússins. Hann sagði, að stefndi, sem hann þekkti vel, hafi verið búinn að aka bifreiðinni Ö 5069 fram hjá hópnum og inn á Greniteig og síðan aftur til baka á móti hópnum og hlyti hann að hafa ekið á vinstri vegarhelmingi til að stríða þeim eða eitthvað slíkt. Nánar aðspurður kvað stefnandi sér hafa fundist sem bifreiðinni væri sveigt að hópnum fremur en að henni væri ekið beina stefnu á vinstri vegarhelmingi. Hann kvaðst hafa lent framan á bifreiðinni og borist með henni allanga leið. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund. Hann skýrði svo frá, að þegar slysið varð, hefði hann haldið á áfengisflösku, sem hefði brotnað. Varðandi meiðsli sín vísaði stefnandi til læknisvottorða, framlagðra í málinu. Í tilefni af ummælum í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, sem síðar mun greint frá, kvaðst hann hafa átt að koma til eftirlits hinn 5. febrúar 1979, og reyndar gert það, en daginn áður hefði hann sjálfur fjarlægt gipsumbúðirnar af fætinum; sagað þær af heima hjá sér.

Stefndi Magnús Magnússon skýrði svo frá, að hann hefði verið að „rúnta“ um bæinn í umrætt sinn. Hann hafi ekið suður Kirkjuveg og tekið þar upp í bifreiðina stúlkuna Guðlaugu Þorkelsdóttur, en er þau hafi séð

Ríkharð Jósafatsson og fleiri, sem með honum voru, á Vesturgötu, austan Kirkjuveg, hafi Guðlaug sagt, að þetta fólk væri sennilega á leið heim til hennar, og beðið hann að aka sér strax heim á Greniteig, og ætlaði hún að vera búin að læsa og slökkva öll ljós, er þau kæmu.

Stefndi kvaðst hafa gert svo, en ekið síðan aftur af stað austur Vesturgötuna á hægri vegarhellingi. Hann skýrði svo frá, að þegar hann beygði frá Greniteigi inn á Vesturgötu, hefði hann séð Ríkharð og stefnanda á vinstri vegarhellingi, séð frá sér. Honum hafi fundist þeir bera í bifreið, sem var kyrrstæð við vinstri vegarbrún, og hafi hann ekki tekið eftir hinum, sem voru í hópnum. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að neitt þeirra veifaði til hans. Er hann hafi verið að koma að mótum Birkiteigs og Vesturgötu, hafi Ríkharður allt í einu gengið frá vinstri vegarhellingi, séð frá stefnda, og stefnt í veg fyrir bifreið hans. Hann kvaðst hafa kippt bifreiðinni til hægri. Rétt á eftir hafi svo stefnandi allt í einu verið kominn í veg fyrir bifreiðina. Hann kvaðst hafa snarhemað, en ekki getað komið í veg fyrir, að bifreiðin lenti á stefnanda. Framrúðan hafi brotnað, e. t. v. vegna þess, að flaska, sem stefnandi var með, hafi lent á henni, og kvaðst hann ekkert hafa séð um stund, þar til hann lenti á kyrrstæðu bifreiðinni Ö 4671. Stefndi kvaðst hafa ekið á 35 km hraða og á sínum, þ. e. hægri, vegarhellingi, þegar slysið varð. Hann kvaðst vita, að hámarkshraði í Keflavík sé 35 km/klst., og bifreið sín, hálfsjálfskiptur Volkswagen, árgerð 1972, væri ekki þannig gerð, að unnt hefði verið að ná miklum hraða á vegarlengdinni frá Greniteigi þangað sem slysið varð. Hann kvaðst ekki hafa gert sér að leik að sveigja að hópnum, enda hefði hann verið búinn að sjá áður, þ. e. frá Kirkjuveginum, að fólkið var ölvað.

Vitnið Pétur Jónsson kvaðst hafa verið farþegi hjá stefnda í bifreiðinni Ö 5069 og hafi þeir verið að „rúnta“ þá um nóttina. Þeir hafi ekið stúlku heim til hennar á Greniteig, en síðan hafi stefndi snúið við og ekið til baka austur Vesturgötu. Hann kvaðst hafa séð nokkra unglinga á vinstri vegarhellingi, frá sér séð, og hafi þeir gengið vestur götuna. Hann kvaðst ekki hafa séð, að þetta fólk væri undir áhrifum áfengis. Allt í einu hafi einn úr hópnum, Ríkki, stokkið í veg fyrir bifreiðina, þ. e. inn á hægri vegarhelling miðað við akstursstefnu. Stefndi hafi kippt bifreiðinni til hægri, en svo að segja í sama vettfangi hafi annar maður orðið fyrir bifreiðinni. Stefndi hafi þá beygt til hægri og bifreiðin staðnæmst á kyrrstæðri bifreið. Slysið muni hafa orðið austanvert við gatnamót Birkiteigs og Vesturgötu. Hann sagði, að bifreiðinni Ö 5069 hefði ekki verið ekið hratt, alls ekki hraðar en 35—40 km/klst., og hefði stefndi snarhemað, eftir að slysið varð.

Vitnið Halldór Rúnar Þorkelsson skýrði svo frá, að hópurinn, þ. e. auk hans, bróðir hans, Jón Ásgeir, Ríkharður Jósafatsson, Ólöf Sigurvinsdóttir,

Edda Bergmann og stefnandi, hefðu gengið vestur Vesturgötu frá húsi nr. 12 við þá götu og ferðinni verið heitið heim til Guðlaugar, systur vitnisins, sem átti heima að Greniteigi 7. Hópurinn hafi gengið á malarkanti hægra megin við akbrautina miðað við göngustefnuna og verið alveg við gatnamót Vesturgötu og Birkiteigs, er slysið varð. Jón Ásgeir og Ríkharður hafi verið fremstir og verið komnir að gatnamótunum, stefnandi næstur á eftir Ríkharði, síðan vitnið og aftastar stúlkurnar Ólöf og Edda, en vitnið hafi verið að hinkra við eftir þeim, þar sem þær höfðu dregist nokkuð aftur úr. Hann kvaðst hafa verið búinn að taka eftir stefnda, sem ók fram hjá hópnum vestur Vesturgötu, og hafi farþeginn Guðlaug, systir vitnisins, veifað til hópsins. Stefndi hafi síðan ekið til baka á móti hópnum á töluverðri ferð. Hann hafi beygt að þeim, sem voru fremstir, þ. e. Jóni Ásgeiri og Ríkharði, en síðan sveigt frá þeim aftur og í því lent á stefnanda. Stefndi hafi verið við hægri vegarbrún, en þó aðeins inni á malbikinu. Hann hafi ekki verið kominn alveg að Birkiteignum og muni hafa verið milli húsa nr. 17 og 19 við Vesturgötu. Hann lýsti aðdraganda að slysinu nánar þannig, að bifreiðinni Ö 5069 hefði verið ekið nokkuð vinstra megin miðað við miðju vegarins, miðað við akstursstefnu, er hún kom á móti hópnum, og síðan verið sveigt enn meira til vinstri að Jóni Ásgeiri og Ríkharði. Þegar stefndi hafi beygt að þeim, hafi þeir veifað til hans. Hins vegar sé ekki rétt, að Ríkharður hafi stokkið eða gengið í veg fyrir bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa kannast við þetta aksturslag stefnda sem leik við kunningja sína. Kvaðst hann þekkja stefnda mjög vel og sama sé að segja um þau, sem voru með honum í umrætt sinn, nema Ríkharð og Eddu. Stefndi hafi iðulega sveigt bifreið sinni að vitninu og fleirum og megi segja, að hann hafi lagt að nokkru leyti í vana sinn að „heilsa með bílnum.“ Hann skýrði að lokum svo frá, að hann og kunningjar hans hefðu verið undir áhrifum áfengis, stefnandi og Ríkharður mest, en stúlkurnar minnst.

Vitnið Jón Ásgeir Þorkelsson skýrði svo frá, að hann og kunningjar hans hefðu í umrætt sinn gengið vestur Vesturgötu við norðurbrún vegarins. Stefndi, sem sé góðkunningi vitnisins, hafi ekið fram hjá þeim, en síðan ekið til baka á móti hópnum. Hann kvaðst hafa gengið fremstur og verið inni á malbikinu, en þó nálægt vegarbrúninni. Ríkharður hafi gengið við hægri hlið hans á malarkantinum eða vegarbrúninni. Aftar hafi síðan gengið þeir stefnandi og Halldór Rúnar og enn aftar þær Edda og Ólöf. Hann kvað þá Ríkharð hafa verið komna á móts við Birkiteig, þegar stefndi ók af sínum rétta, þ. e. hægra, vegarhelmingi og sveigði að þeim. Stefndi hafi „gefið á pinnann“ og verið kominn á þó nokkra ferð. Kvaðst hann í sama mund hafa veifað vinstri hendi til stefnda, en gat ekki sagt til um, hvort gerðist fyrr, að hann veifaði eða stefndi sveigði bifreiðinni að þeim Ríkharði. Ríkharður hafi ekki gengið í veg fyrir bifreiðina, enda verið

hægra megin við vitnið. Næst hefði það orðið, að hann heyrði „skrenshljóð“ og síðan áreksturshljóð. Hann hafi þá litið við og séð, að bifreið stefnda hafði lent á kyrrstæðri Saab bifreið, og lá stefnandi fyrir framan bifreiðina. Hann sagði, að hann sjálfur svo og nefndir kunningjar hans hefðu verið undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst ekki muna, hvort kyrrstæð bifreið hefði verið við vegarbrúnina, þar sem hann var, þegar slysið varð.

Vitnið Ólöf Sigurvinsdóttir skýrði svo frá, að hópurinn hefði gengið vestur Vesturgötu á hægri vegarbrún og þær Edda Bergmann verið aftastar. Er slysið varð, hafi hópurinn verið kominn einhvers staðar móts við gatnamót Birkiteigs og Vesturgötu og sé útilokað, að nokkur þeirra, sem á undan voru, hafi gengið eða slangrað inn á veginn. Hún kvað stefnanda hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, enda verið að koma af dansleik, og sennilega Ríkharð einnig. Kvaðst hún gera sér þá grein fyrir atburðarás, að Volkswagen bifreið hefði verið ekið á móti þeim á röngum vegarhelmingi og að þeim Jóni Ásgeiri og Ríkharði, sem höfðu veifað til ökumannsins. Næst hafi hún séð stefnanda vera kominn framan á eða upp á bifreiðina, kastast upp í loft og skella síðan í götuna. Hún kvaðst ekki hafa vitað, er bifreiðin kom á móti henni, að þetta var bifreið stefnda eða að hann ók, en hún væri lítillaga kunnug honum.

Vitnið Ríkharður Jósafatsson skýrði svo frá, að þau Edda, Ólöf, Halldór Rúnar, Jón Ásgeir og stefnandi hafi í umrætt sinn gengið frá Vesturbraut vestur Vesturgötu á hægri vegarhelmingi. Volkswagen bifreiðinni, sem um ræðir í málinu, hafi verið ekið vestur götuna og þegar hópurinn hafi verið kominn yfir Kirkjuveg, hafi hann séð bifreiðina koma á móti austur götuna á miklum hraða. Þeir Jón Ásgeir hafi gengið fremstir á miðjum vegi og Jón Ásgeir verið sér á hægri hönd, síðan Halldór Rúnar, en þar fyrir aftan stúlkurnar og stefnandi. Þá hafi það gerst, að Jón Ásgeir hafi ætlað að stöðva bifreiðina, veifað til stefnda, gengið að vinstri akrein vegarins eða alla vega að miðju vegarins og verið þá vitninu á vinstri hönd. Í sama mund hafi stefndi aukið hraðann, sveigt til vinstri að Jóni Ásgeiri og síðan frá honum til hægri og Jón Ásgeir þá stokkið frá. Muni stefndi hafa verið að reyna að hræða Jón Ásgeir, en þegar hann hafi verið búinn að sveigja frá honum, hafi hann orðið að beygja aftur til vinstri til að lenda ekki á kyrrstæðum bifreiðum, sem var lagt í vegkanti. Vitnið kvaðst hafa verið vinstra megin á hægri akrein, en í sama mund séð stefnanda standa í um 6 metra og í mesta lagi 10 metra fjarlægð fyrir aftan hann hægra megin á vinstri akrein og hafi hann ekki virst hafa tekið eftir bifreiðinni, sem stefndi að honum. Stefndi, sem hafi verið nýbúinn að sveigja frá kyrrstæðu bifreiðunum og verið á mikilli ferð, hafi greinilega ekki tekið eftir stefnanda, fyrr en hann var alveg að koma að honum. Þá hafi hann beygt til hægri og ekið um leið á stefnanda, sem hafi kastast í loft upp og fallið

á miðja götuna, en bifreiðin hafi haldið áfram og stöðvast á kyrrstæðri bifreið. Hann kvaðst vera nokkurn veginn viss um, að enginn annar úr hópnum en stefnandi hefði verið inni á vinstri akreininni. Ríkharður áréttaði, að þar sem hann í framansögðu hefði nefnt hægri og vinstri væri átt við séð frá honum, er hann gekk vestur Vesturgötu. Hann kvað nefnt kunningjafólk hafa haft fullkomna stjórn á sér og ekki hafa drukkið mikið áfengi. Sjálfur hafi hann verið búinn að drekka $\frac{1}{4}$ hluta úr hvítvinsflösku og verið undir litlum áhrifum.

Vitnið Steinunn Hilmarsdóttir kvaðst hafa verið sjónarvottur að slysinu. Hún hafi verið í húsi foreldra sinna Birkiteigi 1, en átt erfitt með svefn vegna hávaða úti fyrir, eins og algengt hafi verið á þeim tíma nætur eftir dansleiki. Hún kvaðst hafa verið búin að fylgjast með umferð um Vesturgötu í þó nokkurn tíma, áður en slysið varð, úr þeim glugga af tveimur á efri hæð í austurenda hússins, sem nær er Vesturgötu. — Austurendi hússins veit að Birkiteigi, en suðurhliðin að Vesturgötu. — Hún kvaðst hafa séð fjóra unglinga, tvo pilta og tvær stúlkur, ganga upp Vesturgötu vinstra megin á götunni, þ. e. við syðri brún akbrautarinnar, og hafi hún þekkt stefnanda, Halldór Rúnar og konu hans (Ólöfu Sigurvinsdóttur). Stefnandi hafi gengið lengst til hægri (séð frá vitninu — innskot dómara), þ. e. lengst inni á götunni, en fólkið hafi verið nokkurn veginn hlið við hlið, þegar slysið varð. Kyrrstæð Saab bifreið hafi verið í vegkantinum sömu megin og fólkið gekk og snúið til austurs. Volkswagen bifreið hafi verið ekið austur Vesturgötuna á u. þ. b. 35—40 km hraða og hafi hún verið á sínum rétta, þ. e. hægri, vegarhelmingi. Vitnið kvað unglingana hafa verið ölvaða og hávaðasama. Stefnandi hafi sveiflað örmunum eða veifað. Hann hafi haldið á einhverju í annarri hendi og virst ætla að stöðva bifreiðina. Sé þetta algengt háttalag hjá unglingum. Stefnandi hafi svo allt í einu stokkið til hægri (frá vitninu séð — innskot dómara) í veg fyrir bifreiðina, sem hafi lent á honum. Vitnið kvaðst hafa látið hringja á lögreglu og sjúkra-bifreið, en farið sjálf út og verið komin á slysstaðinn, áður en lögreglan kom. Stefndi hafi legið fyrir framan Volkswagen bifreiðina á móts við miðja Saab bifreiðina. Stefndi hafi verið að koma út úr Volkswagen bifreiðinni og einnig annar piltur, sem hafi verið farþegi.

III.

Björn Önundarson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum áverka þeirra, er hann hlaut við slysið. Örorkumatið, sem er dagsett 20. september 1979, hljóðar svo:

„Samkvæmt lögregluskýrslu um umferðarslys mun slys þetta hafa skeð í Keflavík. Þarna varð slasaði fyrir bifreið og hlaut þar mikinn áverka. Hann var þegar eftir slys þetta fluttur í Slysadeild Borgarspítalans í Reykja-

vík, þar sem gert var að meiðslum slasaða. Ennfremur var gerð aðgerð á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans.

Fyrir liggur vottorð undirritað af Sigurjóni H. Ólafssyni, tannlækni, dags. 7.3. '79 svohljóðandi:

„Þann 17.12 '78 kl. 0515 var komið með sjúkling á Slysadeild Bsp. Hafði hann skömmu áður orðið fyrir bifreið á götu í Keflavík. Mun sjúkl. hafa skolið framan á bilinn og síðan hengt upp á vélarhlífina og síðan með andlitið í götuna. Sjúkl. segist ekki hafa misst meðvitund og ekki hafa haft uppköst eftir slysið. Lögregla og sjúkrabíll komu strax á staðinn. Við komu á Borgarspítalann er mikil bólga í andliti sjúkl., og við skoðun og þreifingu er greinilegt, að allt miðandlit sjúklings er að meira og minna leyti brotið. Nefið er brotið við nefrótina, og allt efra andlitið er hreyfanlegt. Efri vörin er rifin í gegn á tveggja cm. svæði vi. megin við miðlínu. Tennur eru mjög lélegar, mikið skemmdar. Af röntgenmyndum að dæma hafa 3 tennur fallið burtu við slysið, voru það framtennur í neðri kjálka. Sjúkl. var tekinn til aðgerðar, og í svæfingu var eftirfarandi framkvæmt: 1. Barkaskurður var gerður til þess að auðvelda öndun eftir aðgerð. 2. Fjarlægð var 1 framtönn í neðri kjálka, þar sem hún var ónýt, og ekki var unnt að festa hana við tannbogann. 3. Þriggja cm. langt sár á tannboganum saumað. 4. Efri kjálkinn var dreginn fram, en hann hafði fallið aftur um 1½ cm., og var efri kjálkinn tengdur við neðri kjálkann, sem var nokkuð heilllegur. 5. Kinnbeinin beggja vegna voru tengd. 6. Efri kjálkinn og miðandlitið reyndar allt fest við höfuðkúpuna með upphengingarvírur frá ennisbeini og niður í neðri kjálkann. 7. Lokað var stóru sári á efri vör, sem áður er minnst á. Gert að nefbrotum. Sjúkl. þoldi aðgerðina vel, og var eftirmeðferð vandræðalaus. Þess skal hér getið að lokum, að sjúkl. hlaut einnig áverka á vinstra hné, og gerðu læknar Slysadeildar að þeim sárum sjúklings. Sú aðgerð var framkvæmd þann 21.12. '78. Var þar um að ræða slitin liðbönd á hné og læri. Vegna þessa var sjúkl. settur í gips eftir aðgerð. Nú í febrúar eða þann 6.2. '79 var sjúkl. síðan lagður inn aftur, og var gipsið ofangr. fjarlægt, og sömuleiðis voru í svæfingu fjarlægðir vírar, sem notaðir höfðu verið til meðhöndlunar á andlitsbrotum. Sjúkl. lá því inni I. frá 17.12.—29.12. '78 og II. frá 6.2.—9.2. '79“.

Þá liggur fyrir vottorð undirritað af Rögnvaldi Þorleifssyni, skurðlækni við Slysadeild Bsp. Reykjavík, dags. 15.6. '79, svohljóðandi:

„Þann 17.12. '78 kl. 5.15 var maður fluttur á Slysadeildina, er kvaðst vera fyrrgreindur Jón. Þær upplýsingar fylgdu honum, svo og staðfesti hann þær að einhverju leyti sjálfur, að hann hefði kl. 3.20 þessa nótt orðið fyrir bifreið á götu í Keflavík. Hann var þá talinn hafa verið ölvaður. Jón taldi sig ekki hafa misst meðvitund við slysið og muna það a. m. k. að nokkru leyti.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Jón var vakandi og áttaður. Glögg einkenni fundust um útbreidd brot á andlitsbeinum, og var andlit mjög þrútið og bjúgfyllt. Veruleg eymsli voru á vi. hné utanverðu og einkenni um liðbandaslit þar.

Röntgenmyndir voru teknar af andlitsbeinum, sem sýndu, að beinagrind andlitsins hafði brotnað frá höfuðkúpunni um augntóftir og færst nokkuð til. Nefið var mölbrotið einnig.

Á röntgenmyndum af vi. hné sást, að beinflís hafði slitnað upp úr efri enda dálksins, sem gaf til kynna, að þarna hefði hliðarbönd hnésins losnað úr dálkinum.

Sjúkl. var lagður inn á Háls-, nef og eyrnadeild spítalans, og önnuðust læknað þeirrar deildar meðferðina á andlitsáverkunum. Vísast til umsagnar þeirra um þá áverka.

Þann 21.12. gerði undirritaður síðan að hnéáverkanum. Fólst meðferðin í því, að skorið var inn á hnéd utanvert. Hliðarliðbandið hafði, svo sem búist var við, slitnað upp úr dálkhausnum og auk þess sin vöðva, sem festist á svipuðum stað (m. biceps femoris). Nokkur rifa var í liðpoka hnésins utanverðum, en ekki sáust einkenni um áverka inni í hnénu sjálfu eftir því sem best varð metið.

Fyrrgreint liðband og sin voru fest með sterkum saumum niður í sitt far á dálkshausnum og búið um hnéd í nokkuð krepptri stöðu í gipsumbúðum í lok aðgerðar.

Jón útskrifaðist frá legudeildinni þann 29.12. og kom síðan til eftirlits og framhaldsmeðferðar á göngudeild Slysadeildar og háls-, nef- og eyrnadeildar.

Á göngudeild Slysadeildar kom hann 8.1. '79, er skipt var á hnéumbúðum og saumar teknir úr vel grónu sári. Gipsumbúðir voru lagðar aftur á hné og haldið sömu kreppestöðu og áður. Gert var ráð fyrir, að sjúkl. kæmi til eftirlits þ. 5.2.

Er hnéd var skoðað þ. 5.2., gat hann kreppt það í 90° og u. þ. b. 10° vantaði upp á fulla réttigetu. Ekki verður af bókunum ráðið, að Jóni hafi verið ætlað að koma aftur á Slysadeildina vegna hnéáverkans, enda þótt enn vantaði talsvert á eðlilegt hreyfisvið hnésins. E. t. v. hefur verið litið svo á, að Jón hafi tekið meðferðina á hnéáverkanum á eigin hendur, er hann fjarlægði eða lét fjarlægja gipsumbúðir, áður en gert hafði verið ráð fyrir því“.

Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 14.9. '79. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði kvartar um, að hann þreytist nokkuð í vi. hné, einkum ef hann stendur lengi eða gengur mikið. Á hinn bóginn telur slasaði sig ekki höfuðveikan eftir áðurnefndan höfuðáverka, og ennfremur telur hann

ekki, að um neina missi á skynfærum, þ. e. heyrn og sjón, hafi verið að ræða.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 26 ára gamlan verkamann, sem h. 17.12. '78 slasaðist mikið í andliti og vi. hné, er hann varð fyrir bifreið í Keflavík. Slasaði var fljótlega eftir slys þetta fluttur í Borgarspítalann í Reykjavík, þar sem hann vistaðist í tvö skipti, þ. e. frá 17.12. til 19.12. '78 og frá 6.2. til 9.2. '79.

Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið vegna áðurnefnds slyss í 4 mánuði, og þar á eftir var starfsgeta slasaða verulega skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Svo sem að framan greinir, hlaut slasaði mikla áverka í andliti. Allt miðandlit slasaða var meira og minna brotið. Nefið var brotið við nefrótina, og allt efra andlitið var hreyfanlegt við þreyfingu. Efri vör var rifin í gegn á 2ja cm. svæði vi. megin við miðlínu. Slasaði missti þrjár tennur við slysið. Gera varð barkaskurð til að auðvelda öndun. Ein framtönn var fjarlægð í neðri kjálka, þar sem hún var talin ónýtt, og var ekki unnt að festa hana við frambogann. Þá var 3 cm. skurður saumaður á tannboga. Efri kjálki var dreginn fram, en hann hafði fallið niður um 1½ cm., og var efri kjálkin tengdur við neðri kjálkann, sem var nokkuð heillegur. Kinnbein beggja vegna voru tengd. Efri kjálkin og miðandlitið var allt fest við höfuðkúpuna með upphengingarvörum frá ennisbeini og niður í neðri kjálkann. Þá var stóru sári á efri vör lokað og gert að nefbrotinu. Hliðarliðband á vi. hnélið var saumað, en það hafði slitnað. Einnig var sin og vöðvi fest á fyrri festu. Engir áverkar sáust inn í hnénu sjálfu, en merki voru um rifin liðpoka.

Við skoðun er ekkert sérstakt að finna á andliti, en lýti virðast þar ekki vera, og slasaði hefur engar kvartanir fram að færa varðandi það slys. Á hinn bóginn tekur slasaði fram, að hann þreytist verulega um vi. hnélið, einkum ef hann stendur lengi eða gengur. Ekki verður fundið, að slasaði sé laus í hnéliðnum, og hann gengur óhaltur á sléttu gólfi. Hreyfingar allar í liðnum virðast eðlilegar. Ca. 15 cm. langt ör er lateralt á vi. hné. Ekki verður fyrir það synjað, að síðar meir kunni að gæta slitbreytinga og annarra óþæginda frá áðurnefndum áverka á vi. hnélið. Í hve miklum mæli eða hvenær slíkt kann fram að koma, verður nú ekki með neinni vissu sagt. Eins og áður er fram komið, verða naumast greind lýti á andliti, og slasaði tekur fram, að hann hafi ekki höfuðverk, hann sé ekki haldinn minnisleysi, sjóntruflunum eða minnkaðri sjón og telur heyrn einnig vera eðlilega.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir;

Frá slysdegi talið í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%

Dr. Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorku-
tjón stefnanda á grundvelli þessa örorkumats. Í skýrslu hans, dskj. nr. 4,
dagsettri 21. nóvember 1979, segir svo:

„Jón starfaði sem verkamaður, þegar slysið varð. Eftirfarandi eru sýndar
tekjur Jóns (TJ) samkvæmt skattframtölum, meðaltekjur verkamanna sam-
kvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar (MV) og hlutfall (HL) tekna Jóns
af þessum meðaltekjum:

	TJ	MV	HL
1975	471.534	1.250.000	0,377
1976	687.706	1.669.000	0,412
1977	1.698.667	2.441.000	0,696
1978	1.999.384	3.785.000	0,528

Af þesari uppsetningu sést, að Jón hafði að meðaltali 55,4% af meðal-
tekjum verkamanna síðustu 3 árin fyrir slysið, (þ. e. 1976 til 1978) og er
þá tekið tillit til þess, að hann er frá vinnu 17 daga á árinu 1978.

Í eftirfarandi útreikningi er gert ráð fyrir hækkun launa um 6,9% 1. mars
1979, 9,22% 1. júní 1979, 3% 23. júní 1979, 9,17% 1. sept. 1979 og 13,21%
þann 1. des. næstkomandi. Þá er og gengið út frá hækkun tekna verka-
manna á árinu 1978, sbr. Fréttabréf kjararannsóknarnefndar.

Miðað við ofangreindar tekjuforsendur og ef gert er ráð fyrir því, að
tekjutapið hafi verið og verði í hlutfalli við örorkuna, fæst tekjutjón Jóns
Maríusar miðað við daginn í dag:

Tímabundin örorka til 20. nóv. 1979 + innl. vex. ...	kr.	1.502.000
framlag atv. í lífeyrissjóð	kr.	47.000
Varanleg örorka miðað við 4% RAUNVEXTI	kr.	7.230.000
framlag atv. í lífeyrissjóð	kr.	228.000

Í útreikningi þessum er gengið út frá og reiknað með 4% RAUNÁVÖXT-
UN og vísað í því sambandi til meðfylgjandi fylgirits.

Til glöggvunar á áhrifum vaxta á væntanlegt örorkutjón birti ég hér töflu
yfir áhrif mismunandi vaxta á örorkutjón Jóns:

<i>Raunvextir</i>	<i>vænt.l. örorkutj.</i>	<i>Raunvextir</i>	<i>Vænt.l. örorkutj.</i>
÷ 10%	234.987.000	7%	5.068.000
÷ 5%	46.094.000	13%	3.123.000
0%	13.930.000	27% a.	1.732.000
2%	9.740.000	39,5% b.	1.306.000
4%	7.230.000	53% c.	1.097.000

- a. nügildandi innlánsvextir.
- b. hæstu innlánsvextir (vaxtaauki).
- c. verðbólga.

Allar upphæðir eru vaxtareiknaðar miðað við 21. nóv. 1979. Frá tíma- bundnu örorkutjóni er rétt að draga allar bætur vegna tekjutjónsins frá slysdegi til 20. nóv. 1979. Þessar bætur skulu vaxtareiknaðar til 21. nóv. 1979 með innlánsvöxtum.

Grundvöllur útreikninganna eru eftirlifendatafla íslenskra karla skv. dán- arreynslu árána 1966—1970 og sænsk reynsla af hlutfalli öryrkja og lif- andi. Væntanlegt framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð er reiknað sér, en tap þess þýðir lækkun lífeyrisréttar seinna. Ekki er tekið tillit til greiðslu opinberra gjalda, en gera má ráð fyrir, að þeir muni nema um 15% til 30% af tekjutjóninu“.

Dr. Pétur H. Blöndal hefur einnig reiknað út örorkutjón stefnanda mið- að við 1%, 5% og 9% raunávöxtun. Í skýrslu, dskj. nr. 22, dagsettri 26. október 1980, segir tryggingastærðfræðingurinn, að útreikningar miðist við sömu forsendur og í útreikningi frá 21. nóvember 1979 og miðist vextir og laun við þá dagsetningu. Niðurstöður eru þannig:

„Tímabundin örorka er óbreytt með innl. vöxtum .	—	1.502.000
framlag í lífeyrissjóð	—	47.000
Varanleg örorka miðað við 1% RAUNVEXTI	—	11.555.000
framlag í lífeyrissjóð	—	364.000
Varanleg örorka miðað við 5% RAUNVEXTI	—	6.351.000
framlag í lífeyrissjóð	—	200.000
Varanleg örorka miðað við 9% RAUNVEXTI	—	4.196.000
framlag í lífeyrissjóð	—	132.000“

Skjal, er fylgdi fyrri örorkutjónsútreikningunum og ber yfirskriftina „Raunvextir“, er svohljóðandi:

„Þegar rætt er um raunvexti í útreikningi á framtíðartekjutjóni manns að nafni Jón, er átt við eftirfarandi:

Gerum ráð fyrir, að Jón hafi kr. 500.000 í tekjur á mánuði og hann tapi þessum tekjum um alla framtíð. Það vill segja, að árið 1995 mun hann tapa kr. 6.000.000 á verðlagi dagsins í dag. Auðvitað tapar hann miklu mun meira eða sem nemur hækkun launa til 1995 til viðbótar þeim launum, sem hann hefur í dag. Vextir koma inn í útreikning á framtíðartekjutjóni á þann hátt, að reiknað er, hvaða upphæð þurfi að leggja fyrir í dag til þess að eiga kr. 6.000.000 árið 1995, með umræddum vöxtum. Einnig er tekið tillit til dánar- og örorkulíka Jóns til 1995. Það er því ljóst, að núgildi (þ. e. sú upphæð, sem bæta verður Jóni í dag) þess tjóns, sem Jón verður fyrir 1995, verður því lægra sem vextirnir eru hærri. En hvað mega vextirnir vera háir? Þar sem tjón Jóns þetta tiltekna ár er jafnt og þau laun, sem hann hefði haft þá, þ. e. kr. 6.000.000 hækkað í hlutfalli við laun, er ljóst, að hann verður að geta ávaxtað fjármagnið eins vel og laun hækka og þó betur, sem vöxtunum í útreikningnum nemur. Ávöxtun fjármagns, sem er meiri en nemur launahækkunum, er varla unnt að ná hér á landi nema með spariskirteinum ríkissjóðs, sem þó gefa ekki meira en 2% til 3% ávöxtun umfram hækkun launa. (Þau bestu.) Það er því ekki skynsamlegt að nota hærri vexti en 2% og í hæsta falli 4% við útreikning á bótum vegna framtíðartekjutjóns.

Hér að ofan var einungis rætt um tekjutjón Jóns árið 1995. En samsvarandi er tekjutjónið metið ár fyrir ár, og þannig er heildartekjutjónið fundið“

Lögmaður stefndu lagði fram vottorð sérfræðings í bæklunarsjúkdómum um skoðun á hnéáverka stefnanda og athugun á afleiðingum hans.

IV.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Magnúsi byggjast á því, að hann hafi með ógætilegum akstri sínum í umrætt sinn valdið stefnanda tjóni, sem honum beri að bæta samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hann hafi ekið bifreið sinni í myrkri á hægri vegarhelmingi og sveigt henni beint að hópi fólks, sem gekk á gagnstæðri brún vegar og ekið viðstöðulaust á stefnanda. Þá beri hann og fébótaábyrgð á tjóni stefnanda sem eigandi bifreiðarinnar Ö 5069 skv. 1. mgr. 67., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Ekki sé hægt að finna neina sök hjá stefnanda á slysinu og þótt hann hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, eigi sú ölvun engan þátt í slysinu eða meiðslum hans. Stefndandi hafi gengið yst á hægri vegarbrún og því átt að vera algerlega óhultur fyrir bifreið stefnda Magnúsar, sem kom á móti honum, en bar að aka hinum megin á götunni, og stefndandi hafi því enga möguleika haft á að forða sér. Kröfur stefnanda á hendur Hagtryggingu h/f byggjast á 1. mgr. 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga, sbr. 1. og 3. mgr. 70. gr. sömu laga.

Í greinargerð af hálfu stefnda er viðurkennt, að bótaskylda bifreiðareiganda, stefnda Magnúsar, falli undir 1. mgr. 67. gr., en bifreiðin Ö 5069 hafi verið tryggtð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Hagtryggingu h/f. Því er þó jafnframt haldið fram, að óhjákvæmilegt sé að fella niður bætur að miklu og raunar mestu leyti, þar sem stefnandi hafi sjálfur verið valdur að slysinu og borið ábyrgð á því. Hann hafi verið á ferli úti á miðri götu um miðja nótt í svartasta skammdeginu, meira eða minna í hvarfi við annað fólk og auk þess miður sín að einhverju leyti vegna áfengisáhrifa. Stefndi Magnús hafi beygt af Birkiteigi inn í Vesturgötu fremur til hægri í götunni miðað við akstursstefnu. Þegar bifreiðin hafi komið inn í Vesturgötu, hafi eitt ungmennanna, sem voru með stefnanda, stokkið í veg fyrir hana. Stefndi Magnús hafi sveigt bifreiðinni til hægri, en í þeim svifum hafi stefnandi, sem hafði gengið nokkru aftar og lengra til hliðar en hinn maðurinn, birst fyrir framan bifreiðina. Hafi stefndi Magnús ekki getað varnað því, að bifreiðin lenti á stefnanda, sem hafi orðið fyrir framenda hennar vinstra megin. Stefndi Magnús hafi reynt að sveigja enn legra til hægri og bifreiðin þá lent aftan á kyrrstæðri bifreið. Með tilliti til þess, að stefnandi og félagar hans hafi átt sök á því, hvernig fór, með gálausu og vítaverðu framferði, en ekkert liggi fyrir um, að nokkuð hafi verið athugavert við akstur bifreiðarinnar Ö 5069, sem hafi verið í góðu lagi, geti stefndu ekki fallist á að bera nema mjög lítinn hluta bótaábyrgðar, enda ættu bætur jafnvel að falla alveg niður. Því er haldið fram af hálfu stefndu, að telja verði ósannað, að örorka sé rétt metin og að hún sé öll afleiðing af slysinu, enda hafi stefnandi tekið sjálfur af þær gipsumbúðir, sem á voru settar vegna meiðsla í fæti. Örorkubótakrafan sé einnig allt of há fyrir þá sök, að hún sé ekki reiknuð eftir eðlilegum forsendum, sérstaklega að því leyti, að hún sé miðuð við alltof lága vexti. Miskabótakröfu er mótmælt sem of hárrí og minnt á, að stefnandi hafi yfirleitt komist vel frá meiðslum sínum. Að lokum mótmæla stefndu vaxtakröfu stefnanda.

V.

Stefndi Magnús hafði, er hann ók frá Kirkjuvegi vestur Vesturgötu, séð stefnanda og þá, sem með honum voru, og gert sér grein fyrir, að um var að ræða hóp ölvæðra ungmenna. Er slysið varð, þykir hann ekki hafa hagað akstri sínum svo sem honum bar miðað við aðstæður eða sýnt þá varkárni, er ætlast varð til, er ekið var í myrkri um þéttbýlt svæði. Samkvæmt 1. mgr. 67. gr., 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaganna bera stefndu óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda að því leyti sem ekki verður talið, að hann sé meðvaldur að slysinu samkv. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna.

Stefnandi var ölvæður í umrætt sinn. Hann var dökklæddur, og af gögn-

um málsins verður ályktað, að hann hafi gengið nálægt miðju vegarins. Telja verður ljóst, að hann hafi sýnt verulegt gáleysi og sé því meðvaldur að slysinu. Hæfilegt þykir að telja stefnanda eiga $\frac{1}{3}$ hluta sakar, þannig að stefndu beri að bæta honum $\frac{2}{3}$ hluta tjóns hans.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkutjón	kr.	9.007.000
2. Miskabætur	kr.	1.500.000
	Kr.	10.507.000
Frá dragast greiðslur úr sjúkra- og orlofssjóði Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur	kr.	118.000
	Kr.	10.389.000
3. Útlagður kostnaður vegna örorkumats, tjónútreiknings, læknisvottorðs, sjúkraflutnings og ljósritunar skattframtala	kr.	158.600
Einnig hefur verið lagður fram reikningur vegna viðbótar við örorkuútreikning	kr.	40.000

Kröfurnar miðast við gkr., en dómsniðurstaða við nýkr.

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum í dómkröfu stefnanda:

1.

Dómurinn telur, að leggja beri örorkumat tryggingalæknisins til grundvallar dómi í máli þessu, enda hefur því eigi verið hnekkt eða nægilega sýnt fram á, að það sé óraunhæft.

Samkvæmt því verður útreikningur dr. Péturs H. Blöndal á tekjutjóni vegna tímabundinnar örorku, gkr. 1.502.000, lagður til grundvallar. Áætlaður missir framlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð verður ekki metinn sem tjón í dómi þessum.

Varðandi tjón stefnanda vegna varanlegrar örorku verður lagður til grundvallar sá útreikningur tryggingafræðingsins, er miðast við 5% ársávöxtun fjár, þ. e. gkr. 6.351.000. Um áhrif hárra vaxta í útreikningi örorkutjóns til lækkunar niðurstöðu vísast til dskj. nr. 4 og 22, en jafnframt ber að geta þess, að 5% eftirágreiddir ársvextir tákna lægri raunvexti á verðbólgutíma. Miða ber að því, að tjónþoli fái sem næst fullar bætur að því marki, sem hann dæmist eiga rétt til að öðru leyti. Ekki er ástæða til að víkja frá þeirri áratugalöngu dómvenju, að við útreikninga örorkutjóns — slysadagsverðmætis varanlegs vinnutekjutaps - skuli lagðir til grundvallar vextir af almennum spariinnlánum, enda styðst sú regla við all-

ljós rök. Þó hefur ekki verið miðað við hærri vexti en 13% á ári, þótt almennir vextir hafi orðið mun hærri, enda í þeim fölginn verulegur verðþensluþáttur. Með stoð í VI. og VII. kafla, en einkum 2. mgr. 40. gr. laga nr. 13/1979, hefur Seðlabanki Íslands við ársfjórðungslegar auglýsingar um vexti við innlánsstofnanir o. fl. frá og með 29. maí 1979 (gildistími frá 1. júní s. á.) greint heildarvexti í annars vega grunnvexti og hins vegar verðbótaþátt. Varðandi innlánsvexti almennra sparisjóðsbóka hafa grunnvextir þannig ávallt verið ákvarðaðir 5% á ári, en verðbótaþáttur hefur verið mis-
hár.

Þegar litið er til skattfrelsis, hagræðis eingreiðslu og annars þess, sem hér skiptir máli, er hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkv. þessum liði kr. 60.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur úr sjúkra- og orlofs-sjóði.

2.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfuliði hæfilega ákveðið kr. 7.500.00.

3.

Stefndu hafa ekki mótmælt þessum kröfuliði, en rétt er að reikna hann með málskostnaði.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda hæfilega ákveðið kr. 67.500.00. Ber að dæma stefndu óskipt til að greiða 2/3 hluta þess, eða kr. 45.000.00, ásamt vöxtum þeim, sem krafist hefur verið, og málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Nokkur dráttur á dómsuppsögu stafar af páskaleyfi og embættisönnun dómars.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnanda, Jóni Emilssyni, kr. 45.000.00 með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað, kr. 10.000.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.